

Útboð

Hitaveita Húnaþings vestra óskar eftir tilboðum í verkið

Húnaþing vestra hitaveita 2016 - 2017

Vinnuútboð

Á árinu 2016 á að leggja hitaveitulagnir í Víðidal að Lækjamóti.

Stálpípur DN 25 – DN 40 2,0 km

Stálpípur DN 50 – DN 65 4,1 km

Stálpípur DN 80 – DN 100 15,2 km

PEX 25/90 – 40/110 13,4 km

PEX 50/125 – 63/140 4,6 km

Verkhlutunum skal lokið 31. október 2016

Á árinu 2017 á að leggja hitaveitulagnir í Víðidal og Miðfirði

Stálpípur DN 25 – DN 40 1,1 km

Stálpípur DN 50 – DN 65 7,5 km

PEX 25/90 – 40/110 12,2 km

PEX 50/125 – 63/140 5,3 km

Verkhlutunum skal lokið 30. september 2017

Útboðsgögn verða seld á kr. 10.000 hjá Stoð ehf. verkfræðistofu

Aðalgötu 21 Sauðárkróki.

Sími 453 5050, netfang thorvaldur@stodehf.is

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Húnaþings vestra

Hvammstangabraut 5 Hvammstanga kl. 11.00 miðvikudaginn

30. mars 2016.

Sveitarstjóri



Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga
Sími 455-2400 Fax 455-2409
www.hunathing.is

Sjónaukinn

11. tbl 31. árg
16. - 22. mars 2016

Útg. Umf. Kormákur
Abm. Pétur Arnarsson



Netfang: sjonaukinn@simnet.is Uppl. í síma 8482017

Súperstar

Nú fer að stytast í frumsýningarkvöld
á rokkóperunni Súperstar
í Félagsheimilinu Hvammstanga.

Enn eru miðar lausir öll sýningarkvöldin sem eru
miðvikudaginn 23. mars,
föstudaginn langa 25. mars,
laugardaginn 26. mars
og annan í páskum 28. mars.

Hefjast sýningar kl. 21:00

Miðapantanir eru í síma 863-4901 (Ingibjörg) eða
á netfangið umf.grettir@gmail.com

Miðaverð er 4.000 kr.

Börn 14 ára og yngri greiða 3.000 kr.

Húsið mun opna kl. 20:00 öll kvöld
og verður posi á staðnum.

Minnum einnig á páskatilboðsverð hjá Sjávarborg
sem verða í gangi sýningarkvöldin.

**Páll Óskar með alvöru Pallaball
í Félagsheimilinu Hvammstanga
19. mars n.k. kl. 23:00 – 03:00
16 ára aldurstakmark (árið gildir).**

Miðaverð er kr. 4.000.

Miðasala fer fram hjá Daniel Þór
í síma 852 9270.

Einnig verður hægt að borga sig inn við hurð!
Einungis er hægt að greiða með reiðufé við
innkomu!

Allur ágóði rennur til kaupa á ómtæki fyrir
Heilbrigðisstofnun Vesturlands á
Hvammstanga.

Aðalfundur

Aðalfundur Umf.Kormáks verður haldin
miðvikudaginn 6.apríl.
Nánar auglýst síðar



Stjórn Umf.Kormáks



FRÍSTUNDAKORT 2016

Gefin hafa verið út frístundakort vegna ársins 2016
fyrir börn á aldrinum 6-18 ára sem lögheimili
eiga í Húnaþingi vestra.

Foreldrar/forráðamenn þurfa að sækja kortin á
skrifstofu Húnaþings vestra að Hvammstangabraut
5, Hvammstanga og kvitta fyrir móttöku þeirra.

Þeir sem vilja nýta kortið sem innborgun á
tónlistarskólagjöld geta sent tölvupóst þess efnis til
skrifstofa@hunathing.is

Foreldri/forráðamaður þarf að framvísa
persónuskilríki til að fá kortið afhent.

Skila þarf inn skriflegu umboði ef afhenda á kortið
öðrum en foreldri/forráðamanni.

Reglur um notkun frístundakortanna er að finna inn
á heimasíðu sveitarfélagsins undir
reglugerðir og samþykktir.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu
Húnaþings vestra í síma 455-2400.

Sviðsstjóri fjármála-og stjórnsýslusviðs



Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi
Sími 455-2400 Fax 455-2409
www.hunathing.is

Dönsum í Nestúni!
Dönsum í Nestúni þriðjudaginn 22. mars, 2016,
kl. 20 til kl. 23, Bjössi og Benni sjá um fjörið.
FRÍTT INN!
Tekið á móti frjálsum framlögum í söfnun fyrir
nýju ómtæki í Heilsugæsluna á Hvt.

Ekkert aldurstakmark.
Allir velkomnir
Eldri borgarar.

Aðalfundur

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Húna
verður haldin í Húnabúð fimmtudaginn
31.mars kl 20:00.
Dagskrá samkvæmt lögum um aðalfund.
Nýjir félagar eru boðnir velkomnir.

Stjórn Bjsv. Húna.

Reiðhallarsýningin

Hestar fyrir alla

verður haldin

föstudaginn 18.mars næstkomandi
kl.18:30

Áhugaverð atriði fyrir alla aldurshópa og alla sem vilja sjá
íslenska hestinn í mismunandi hlutverkum.

Aðgangseyrir 1000kr fyrir 12 ára og eldri

Hlökkum til að sjá sem flesta

Sýningarnefndin

Hvammstangakirkja



Sunnudagaskóli verður haldinn í
Hvammstangakirkju
pálmasunnudag 20. mars
kl. 13.00.

Sögur, söngur, leikur og gleði.

Páskaeggjaleikur í lok stundar.
Hressing í safnaðarheimili að stundinni lokinni.

Allir velkomnir
Sóknarprestur

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Hvammstangasóknar,
sem halda átti 14. mars sl.,
var frestað af óviðráðanlegum orsökum.
Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 29. mars nk.
kl. 17.30 í Safnaðarheimili Hvammstangakirkju.
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Sóknarnefnd

KVH

Opnunartími um páskana

Kjörbúð Byggingav. Pakkhús ÁTVR

Miðvikud 23.mars	09:00-19:00	09:00-19:00	09:00-18:00	13:00-18:00
Skírdagur	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
Föstud.langi	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
Laugard. 26.mars	11:00-18:00	11:00-16:00	12:00-16:00	12:00-16:00
Páskadagur	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
Annar í páskum	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað

Alla aðra daga er hefðbundin opnunartími



Tilkynning frá Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra

Íþróttahús Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra verður lokað einn dag af dögum mánudaginn 21.03, þriðjudaginn 22.03 eða miðvikudaginn 23.03. vegna vinnu í salnum.

Nánar auglýst síðar á heimasíðu Húnaþings vestra hunathing.is og á facebook síðu Íþróttamiðstöðvar

Íþrótt og tómstundarfulltrúi.

Aðalfundur

Aðalfundur Samfylkingarfélags Húnaþings vestra verður haldinn föstudaginn 18. mars klukknan 17:00

að Melavegi 6.

Allir velkomnir

Stjórn Samfylkingarfélags Húnaþings vestra

Páskafrí Umf.Kormáks

Frá og með föstudeginum 18.03 hefst páskafrí hjá Kormák á æfingum yngri flokka.

Æfingar hefjast aftur þriðjudaginn 29.03 samkv.tímatöflu

Framkvæmdarstjóri



Til foreldra/forráðamanna barna í knattspyrnu hjá Umf.Kormák

Ef einhverjir eru með búning, sokka, stuttbuxur eða eitthvað annað sem er í eigu Kormáks vinsamlegast skila því hið fyrsta til Valdimars Gunnlaugssonar framkvæmdarstjóra

Blakfréttir

Dagana 26.-27. febrúar fóru þrjú lið frá blakdeild Kormáks á æfingamót á Siglufirði.

Birnur 1 kepptu í gríðarsterkri 2. deild og þurftu að játa sig sigræða í þetta skiptið.

Birnur 2 sem var að mestu leyti skipað byrjendum náði sigri í einni hrinu í 4. deild.

Húnar áttu sitt besta mót á ferlinum þegar þeir höfðu í 2. sæti í 2. deild.

Stimpluðu þar með Húnar sig rækilega inn í blakheiminn.

Stjórn blakdeildar Kormáks.